

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar vegna efnistökusvæðis við Haffjarðardalsgil.

Skipulagsstofnun staðfesti 6. ágúst 2024 óverulega breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sem samþykkt var í sveitarstjórn 8. maí 2024.

Í breytingunni felst skilgreining á um 1 ha efnistökusvæði E99 í Haffjarðardalsgili með heimild fyrir allt að 4.000 m<sup>3</sup> efnistöku.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 6. ágúst 2024.*

F.h. forstjóra,

**Guðrún Lára Sveinsdóttir.**

B-deild – Útgáfudagur: 20. ágúst 2024